

Fundagerð – stjórnarfundur Fjár- og Hjarðhundadeildar

- Fundur settur og stjórnarmeðlimir skiptu með sér verkum:
Dóttla Elín – Formaður
Svanborg – Gjaldkeri
Stella Sif – Ritari
Hilmar & Birna S. – Meðstjórnendur
- Borið upp auglýsingar á vefsíðum tengunda got undan hundum sem ekki hafa uppfyllt heilsufarskröfu.

"Stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar vill ítreka til allra tengiliða að got, væntanleg og/eða fædd, sem ekki uppfylla heilsufarskröfur eru EKKI auglýst á vefsíðum deildarinnar né hjá tengiliðum. Að sjálfsögðu verða báðir foreldrar að hafa uppfyllt þær heilsufarskröfur sem tegundin setur fyrir áður en þörun á sér stað."

- Viðburðir, auka göngur og efla fólkið í deildinni. **Ganga í Miðdal 5. Maí kl. 14.30**
- Erindi frá tengilið Shetland sheepdog tekið fyrir er varðar heimasíðu/gagnagrunn fyrir tegundina, samþykkt.
- Stofna deildar e-mail, til að halda utan um fyrirspurnir og erindi sem berast stjórninni, einnig uppá póstlista fyrir viðburði.
- Borin upp hugmynd að hafa deildarsýninguna á næsta ári tvöfalda – stjórn stefnir að því. Bjóða einni uppá hlýðni/sporapróf – hafa samband við vinnuhundadeild, sem og Hundafimi – fjáreðlispróf?
- Ný heimasíða rædd, Dóttla talaði við Fanney Þórarinsdóttur sem ætlar að hjálpa okkur að setja upp beinagrind og upplýsingar. Halda heimasíðuni aðgengilegri.
-Ræða við tengiliði um að fá tegundalýsingar á íslensku fyrir hverja tegund innan deildarinnar.
- Bjóða upp á auglýsingar á heimasíðu deildarinnar, tala við fyrirtæki gegn því að deildi fái styrk gegn auglýsingu á heimasíðu, ath. Hvort tengiliðir séu tilbúnir að taka þátt í því að auglýsa fyrirtækin.
-Ræktendalisti verður undir hverri tegund, virkir/óvirkir.
-Rakkalisti fyrir hverja tegund, einungis hundar sem hafa uppfyllt heilsufarskröfur sem tegundin setur.
- Stigagjöf fyrir sýningar. Setja upp stigagjafalista, auglýsa á heimasíðu og óska eftir samþykki aðalfundar á næsta ári – ná að koma því á laggir fyrir fyrstu sýningu 2017.
- Tengiliðir – fundir. Rætt um fyrrum ákvörðun stjórnar með að hafa stjórnarfundir opna tengiliðum. Ákveðið að stjórnarfundirnir verði ekki opnir tengiliðum heldur verði tengiliðir kallaðir á svokallaða „tengiliðafundi“ teljist þess þörf.
- Næsti stjórnarfundur áætlaður 7. Júní 2016 kl. 19.00.

Fh. Stjórnar Fjár- og Hjarðhundadeildar – Reykjavík 7. Apríl 2016,

Dóttla Elín - Formaður